

Nd.

316. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931 og við brtt. á þskj. 302.

I. Frá Gunnari Sigurðssyni.

Við 13. gr. A. 1. a. (Póstmannalaun). Nýr liður:

Persónleg launaviðbót til Magnúsar Jochumssonar
póstfulltrúa 400 kr., að viðbætti verðstuðulsuppbót 560

II. Frá samgöngumálanefnd.

Við 13. gr. C. Nýr liður (D):

Til Flugfélags Íslands h/f:

1. Styrkur til flugferða 20000

2. Til flugvélakaupa 50000

Framlagi þessu (í töl. 2) er stjórninni heimilt
að verja til hlutakaupa í flugfélaginn.

70000

III. Frá Einari Jónssyni og Gunnari Sigurðssyni.

Við 13. gr. D. III. (Nýjar símalagningar).

a. Fjárhæðin hækki um 10000 kr.

b. Við liðinn bætist athugasemd:

Þar af 10000 kr. til síma frá Efra-Hvoli, um Stóra-
Hof og Vestri-Kirkjubæ að Geldingalæk.

IV. Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:

Til Gunnars Bjarnasonar, til þess að ljúka námi í
vélaverkfræði í Mittweida í Þýzkalandi 1500

Til vara 1000

V. Frá Jóni Ólafssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni og Haraldí Guð-
mundssyni.

Við 14. gr. B. XIV. 7. Nýr liður:

Til Fanneyjar Jónsdóttur, til að ljúka námi í drátt-
listarkennslu í Kaupmannahöfn 1000

VI. Frá Einari Jónssyni og Gunnari Sigurðssyni.

Við 16. gr. 38. Nýr liður:

Til mælinga og rannsókna á vatnasvæði Pverár og
Markarfljóts 10000

VII. Frá Ólafi Thors.

Við 17. gr. 7. (Slysavarnir).

a. Fyrir »10000« kemur 22500

b. Við liðinn bætist athugasemd:

Af framlagi þessu skal verja 8000 kr. til þess að fullgera veg, er flytja megi eftir björgunarbát milli Sandgerðis og Stafness, og 4500 kr. til símalagningar milli sömu staða.

VIII. Frá *Bernharði Stefánssyni*.

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 620 þús. kr. láni fyrir Siglufjarðarkaupstað til raforkuveitu, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

IX. Frá *Jörundi Brynjólfssyni*.

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að veita Halldóri Arnórssyni umbúðasmið eftirgjöf á eftirstöðvum af viðlagasjóðsláni, 5500 kr.

X. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni*.

Við brtt. 302, LV. Við 22. gr. IV. (Rafmagnsstöð Súðavíknrhr).

Við tillögna bætist: enda sé lánið tekið innanlands.